

- ✓ Frávik sem verða í reglubundinni skimun á hæð og þyngd þarf að skrá samskipti um.
- ✓ Fara á í samskiptin úr vaxtalínuritsslugganum (mynd 1). Mæling á hæð og þyngd skráist þá sjálfkrafa inn í samskiptin.



Mynd 1: Þegar samskipti eru skráð vegna fráviks á hæðar- eða þyngdarmælingu ætti að smella á „Samskipti“ inn í vaxtalínuritsslugganum til að opna samskipti.

Eftirfarandi hjúkrunarviðfangsefni tengjast frávikum í hæðar- og þyngdarmælingum

Hjúkrunarviðfangsefni	Skilgreining
Eftirlit með vaxtalínuriti	Ef ástæða er til að fylgjast með vaxtalínuriti nemandans, t.d. vegna vísbendinga á hæðar- og/eða þyngdarlínuriti. BMI er grænt (kjörþyngd)
Frávik á BMI kúrfu*	BMI gult (ofþyngd) eða blátt (of létt) en nemandinn heldur sinni kúrfu á vaxtalínuriti. Á við þá nemendur sem SHS metur að frekari aðgerða sé ekki þörf. Geta t.d. verið vel þjálfaðir nemendur.
Næring meiri en líkamspörf	BMI litast gult OG breyting er upp á við á vaxtalínuriti. Nemandinn er að þyngjast hraðar en hann þarf.
Næring minni en líkamspörf	Breyting niður á við um ca. 1 staðalfrávik á vaxtalínuriti. BMI grænt eða blátt.
Offita	BMI litast rautt (offita)

DÆMI um útfyllingu samskipta tengdum frávikum í hæðar- eða þyngdarmælingu.

1) Nemandi í 4. bekk hefur færest upp um 2 staðalfrávik í þyngd frá síðustu mælingu og einnig litast BMI gult.

Tilefnisflokkur: Skimanir og mælingar

Hjúkrunarviðfangsefni: Næring meiri en líkamspörf

Hjúkrunarmeðferð: Samskipti við forráðamann + Meðferð um forvarnir og meðferð + Reglubundin ráðgjöf + Eftirfylgd

2) Nemandi í 9. bekk litast gulur í BMI við hæðar- og þyngdarmælingu en heldur sinni línu á vaxtalínuriti.

Tilefnisflokkur: Skimanir og mælingar

Hjúkrunarviðfangsefni: Frávik á BMI kúrfu

Hjúkrunarmeðferð: Upplýsingaöflun

3) Nemandi í 1. bekk litast rauður í BMI við hæðar- og þyngdarmælingu.

Tilefnisflokkur: Skimanir og mælingar

Hjúkrunarviðfangsefni: Offita

Hjúkrunarmeðferð: Samskipti við forráðamann + Ráðleggingar um meðferð og forvarnir + Tilvísun í heilsuskólann + Eftirfylgd

Framvegis yrði síðan skráð í framvindu þegar samskipti eru við nemandann eða forráðamenn vegna viðkomandi viðfangsefna.